

# Fundargerð 333. fundar

## stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2010, föstudaginn 5. nóvember kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Steinþór Pétursson, Ólafur Örn Ólafsson, Guðmundur Kristjánsson, Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir, Skúli Þórðarson, Björn Arnaldsson og Guðný Sverrisdóttir. Már Sveinbjörnsson boðaði forföll og Svanfríður Jónasdóttir varamaður hafði ekki tök á að sitja fundinn.

Að auki sat fundinn Magnús Karel Hannesson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Fundargerð 332. fundar - 1001001HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 332. fundar frá 22. september 2010.

*Fundargerðin var staðfest og undirrituð af þeim fundarmönnum sem sátu framangreindan fund.*

### 2. Kosning varaformanns, gjaldkera og ritara - 1001001HA

Fram fer kjör varaformanns, gjaldkera og ritara.

*Að tillögu formanns voru Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir kjörin varaformaður, Skúli Þórðarson kjörinn gjaldkeri og Steinþór Pétursson kjörinn ritari.*

### 3. Starfsnefndir 2010-2012 - 1011001HA

Formaður lagði fram tillögur um skipan starfsnefnda 2010-2012.

*Í fræðslunefnd voru kjörnir:*

- *Steinþór Pétursson Fjarðabyggðarhöfnum, formaður*
- *Pétur Jóhannsson Reykjaneshöfnum og*
- *Þorsteinn Steinsson Vopnafjarðarhöfn.*

*Nefndin fjallar um ýmis fræðslumál sem tengjast rekstri hafna s.s. endurmenntun vegna vigtarmála, gerir tillögu að námskeiðum sem áhugaverð kunna að vera fyrir hafnir, fylgist með framboði námskeiða og funda sem áhugaverðir kunna að vera fyrir starfsfólk hafna og annast undirbúning og framkvæmd hafnafundar haustið 2011.*

*Í hafnalaganefnd voru kjörin:*

- *Gísli Gíslason Faxaflóahöfnum sf., formaður,*

- Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir Tálknafjarðarhöfn,
- Reynir Arnarson Hornafjarðarhöfn,
- Sveinn Valgeirsson Vestmannaeyjahöfn og
- Guðmundur Kristjánsson Ísafjarðarhöfnum.

Nefndin mun starfa sem bakhópur þeirra fulltrúa sem tilnefndir verða í væntanlega nefnd samgönguráðherra um endurskoðun hafnalaga.

Í nefnd um fjárhagsstöðu hafna voru kjörin:

- Ólafur Örn Ólafsson Þorlákshöfn, formaður,
- Jón Norðfjörð Sandgerðishöfn,
- Magnús B. Jónsson Skagastrandarhöfn og
- Guðný Sverrisdóttir Hafnasamlagi Norðurlands.

Nefndinni er ætlað að greina þær tillögur sem settar voru fram í skýrslu starfshóps um fjárhagsstöðu hafna (Smáranefndin). Nefndin forgangsraði þeim tillögum sem þar er að finna og ræði við fulltrúa samgönguráðuneytisins og einstakra hafna um þau atriði sem þörf er á. Nefndin leggi aðgerðaráætlun fyrir stjórn Hafnasambands Íslands um hvernig skuli fylgja eftir þeim tillögum sem nefndin metur raunhæfar aðgerðir til þess að rétta við fjárhag þeirra hafna sem standa höllum fæti.

Í umhverfis- og öryggisnefnd voru kosnir:

- Hörður Blöndal Hafnasamlagi Norðurlands, formaður,
- Már Sveinsbjörnsson Hafnarfjarðarhöfn,
- Gísli J. Hallsson Faxaflóahöfnum sf. og
- Björn Arnaldsson Höfnum Snæfellsbæjar.

Nefndin fylgist með og fjallar um málefni hafna á sviði umhverfis- og öryggismála. Í því felst m.a. að hafa á hendi almenn samskipti við Umhverfisstofnun varðandi mengunarvarnir og Siglingastofnun varðandi öryggisreglur og reglur sem varða hafnir varðandi umhverfismál o.fl. Nefndin fjallar að öðru leyti um öryggis- og umhverfismál hafna eftir því sem tilefni er til hverju sinni.

#### 4. Þóknun vegna nefndarstarfa - 1001001HA

Rætt um þóknanir fyrir nefndarstörf fulltrúa á vegum hafnasambandsins.

Samþykkt var að Hafnasamband Íslands greiði ekki þóknanir vegna setu fulltrúa hafnasambandsins í nefndum og ráðum á vegum ríkisins og hafnasambandið tilnefnir í. Þverskallist ríkissjóður við að greiða ferðakostnað framangreindra fulltrúa verða slík mál tekin upp og afgreidd af stjórn hafnasambandsins.

#### 5. Tilnefning í hafnaráð - 1010001HA

Lagt fram bréf samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 29. september 2010, þar sem óskað er tilnefningar á tveimur fulltrúum í hafnaráð og tveimur til vara.

Í hafnaráð voru tilnefnd til fjögurra ára Sveinn Valgeirsson, forstöðumaður

*Vestmannaeyjahafnar, og Ásthildur Sturludóttir, hafnarstjóri og bæjarstjóri í Vesturbyggð, og til vara Hörður Blöndal, hafnarstjóri Hafnasamlags Norðurlands, og Þorsteinn Steinsson, hafnarstjóri Vopnafjarðarhafnar.*

#### **6. Hafnasambandsþing 2010 - 0904010HA**

Lagðar fram til umfjöllunar ályktanir og samþykktir hafnasambandsþings sem haldið var á Snæfellsnesi 23. og 24. september sl.

*Farið var yfir ályktanir og samþykktir þingsins og ákveðið hvaða aðilum skuli senda þær til umfjöllunar og afgreiðslu.*

#### **7. Vigtun sjávarafla - 0901002HA**

Lögð fram samantekt fulltrúa hafnasambandsins í samráðshópi um vigtun sjávarafla frá fundum starfshópsins.

*Björn Arnaldsson, annar fulltrúi hafnasambandsins í starfshópunum, gerði nánari grein fyrir störfum starfshópsins og afstöðu fulltrúa ríkisins til þeirra atriða sem fulltrúar hafnasambandsins lögðu fram á fundum starfshópsins.*

#### **8. Starfsáætlun stjórnar - 1001001HA**

Lögð fram drög að starfsáætlun stjórnar hafnasambandsins til september 2011.

*Stjórnarfundur 10. desember 2010 - kl. 11:00 (símafundur)*

*Stjórnarfundur 14. janúar 2011 - kl. 11:00*

*Stjórnarfundur 11. febrúar 2011 - kl. 11:00 (símafundur)*

*Stjórnarfundur 11. mars 2011 - kl. 11:00*

*Stjórnarfundur 8. apríl 2011 - kl. 11:00 (símafundur)*

*Heimsókn til hafna 12. maí 2011 - kl. 10:00 (Þorlákshöfn, Grindavíkurhöfn, Reykjaneshafnir).*

*Heimsókn til hafna 13. maí 2011 kl.10:00 (Sandgerðishöfn, Vogahöfn, Hafnarfjarðarhöfn).*

*Stjórnarfundur 10. júní 2011 kl. 11:00 (símafundur)*

*Stjórnarfundur 19. ágúst 2011 - kl. 11:00*

*Hafnafundur 16. september 2011 - kl. 09:00 í Reykjavík.*

#### **9. Frumvarp til laga um opinber innkaup**

Lögð var fram til kynningar umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 31. ágúst 2010, um frumvarp til laga um opinber innkaup.

*Stjórn hafnasambandsins tekur undir umsögn sambandsins um frumvarp til laga um opinber innkaup.*

Næsti fundur er ráðgerður föstudaginn 10. desember nk. og verður hann símafundur.

Fundi var slitið kl. 12:45.

---

Gísli Gíslason

---

Steinþór Pétursson

---

Ólafur Örn Ólafsson

---

Guðmundur Kristjánsson

---

Eyrún Ingbjörg Sigþórsdóttir

---

Skúli Þórðarson

---

Björn Arnaldsson

---

Guðný Sverrisdóttir

---

ritari